

Reykjavík, 8. september 2020.

FRÉTTATILKYNNING

Í reglubundnu eftirliti í kjúklingaslátrun kom upp grunur um að salmonella hafi greinst í kjúklingahópi hjá Reykjagarði hf.

Um er að ræða kjúkling með rekjanleikanúmeri **001-20-31-3-07 & 001-20-31-1-13**.

- Vöruheiti: Holta, Kjörfugl og Krónu kjúklingur
- Rekjanleikanúmer: 001-20-31-3-07 & 001-20-31-1-13. (Heill fugl, bringur, lundir, bitar)

Dreifing: Iceland verslanir, Hagkaups verslanir, Krónan, KR Vík, Kjarval, Nettó, Costco. Extra24, Heimkaup, Kf.Skagfirðinga, Bjarnabúð, Kjörbúðin, Kaupfélag Vestur-Húnvetninga, Olís Verslun Varmahlíð, Basko/10-11, Iceland.

Í samræmi við gæðastefnu framleiðanda og verklagsreglur, hefur dreifing afurða verið stöðvuð og innköllun hafist.

Neytendur sem hafa keypt kjúklinga með þessu rekjanleikanúmeri eru beðnir að skila vörunni til viðkomandi verslunar, eða beint til Reykjagarðs hf., Fosshálsi 1, 110 Reykjavík

Tekið skal fram að ef áprentuðum leiðbeiningum á umbúðum er fylgt er þessi kjúklingur hættalaus fyrir neytendur. Gætið þess að blóðvökvi berist ekki í aðra matvöru og steikið vel í gegn.

Athugið að innköllun á eingöngu við um kjúkling með þessu tiltekna rekjanleikanúmeri.

Nánari upplýsingar:

Guðmundur Svavarsson
Frankvæmdastjóri
sími 575 6440

